

## 6. fundur stjórnar AP, starfsárið 2016-2017

haldinn í grunnskólanum á Bakkafirði þriðjudaginn 31. janúar 2017 kl. 15:00

Mætt: Björn Víkingur Björnsson, Elías Pétursson, Guðmundur Vilhjálmsson og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Aðalsteinn Árni Baldursson og Arnar Guðmundsson boðuðu forföll og Yngvi Ragnar Kristjánsson hafði ekki tæk á að mæta.

Áður en fundur hófst var farið í vettvangsferð, fyrst um hafnarsvæðið þar sem Elías Pétursson sveitarstjóri gerði grein fyrir aðstöðunni og helstu stærðum varðandi reksturinn, en höfnin er ein sú aflahæsta á laninu í strandveiðikerfinu. Síðan var farið í heimsókn í Halldór-fiskvinnslu þar sem Áki Guðmundsson gerði grein fyrir aðstöðu fyrirtækisins og helstu þáttum í rekstri þess. Að lokum var farið í vinnslu Toppfisks þar sem Björn Guðmundur Björnsson sýndi aðstöðuna og gerði grein fyrir þeim áskorunum sem fyrirtækið stendur frammi fyrir varðandi það að halda uppi stöðugri vinnslu á staðnum.

### Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum.

#### 1. Endurskipulagning Pekingarvarða ehf. – þátttaka félagsins

Fyrir liggur erindi frá Þorsteini Gunnarssyni f.h. Pekingarvarða ehf. um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins sem felur í sér niðurfellingu skulda, niðurskrift eldra hlutafjár og innborgun á nýju hlutafé að upphæð 3 mkr. Hluttur atvinnuþróunarfélagsins er 0,27%.

Samþykkt að hlutafé félagsins verði fært niður að fullu og jafnfram að atvinnuþróunarfélagið taki þátt í hlutafjárukningunni allt að 1%.

#### 2. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðunni varðandi ráðningu í tímabundið starf sem auglýst var á haustdögum. Ekki náðust samningar við þann umsækjanda sem viðræður voru við. Leitað hefur verið til Capacent um aðstoð við að finna hæfan einstakling í verkefnið en niðurstaða í því liggur ekki fyrir.

Guðmundur Vilhjálmsson benti á að árangurrikt gæti verið að hafa samband við Fast-ráðningar sem eru að vinna fyrir PCC Bakka Silicon ehf. með það í huga að finna einstaklinga meðal þeirra sem eru að sækja um þau störf eða maka þeirra.

Samþykkt að taka næst á dagskrá samtal við fulltrúa Langanesbyggðar og íbúa á Bakkafirði.

#### 3. Samtal við fulltrúa Langanesbyggðar og íbúa á Bakkafirði

Til fundarins mættu Reynir Atli Jónsson oddviti Langanesbyggðar, Björn Guðmundur Björnsson, íbúi á Bakkafirði og sveitarstjórnarmaður í Langanesbyggð og Áki Guðmundsson íbúi á Bakkafirði.

Rætt vítt og breytt um stöðu byggðarlagsins við Bakkafjörð, bæði hvað varðar atvinnumál beint en einnig samfélagslega stöðu þess og þjónustustig og komu eftirfarandi atriði m.a. fram:

- Staða atvinnumála og félagsleg staða byggðarinnar er mjög brothætt.
- Virkja þarf og styðja þann mannauð sem er til staðar.
- Því varpað fram hvort Bygðastofnun í samstarfi við atvinnuþróunarteymið gætu staðið fyrir einhver konar íbúabingi.
- Skilmálar vegna „Brothættra byggða“ of þröngir en hér hefur t.a.m. ekki verið viðvarandi fólksfækkun.
- Lokun grunnskólans ekki endanleg aðgerð og yrði endurskoðuð ef börnum fjölgaði. Þó ljóst að ætíð er erfiðara að opna þegar einu sinni hefur verið lokað.
- Bygðarlagið komið framhjá þeim punkti að geta snúið þróuninni við nema með kröftugri utanaðkomandi aðstoð.
- Vont að á sama tíma og þessi staða er uppi skuli opnberir aðilar, eins og kirkjan velja þennan tíma til að leggja niður prestsstarf í bygðarlaginu.
- Íbúar og stjórnvöld þurfa í sameiningu að koma sér saman um svar við spurningunni hvort Bakkafjörður eigi að lifa eða deyja. Það er forsenda fyrir því að unnt sé að skilgreina aðgerðir og grípa til þeirra.
- Til staðar húsnæði og búnaður til talsverðar fiskvinnslu á staðnum. Nauðsynlegt að fá aukinn sértækan byggðakvóta og að tryggja að vinnsla sem er án útgerðar njóti þeirra ívilnunar sem í þeim kvóta felst.

Framkvæmdastjóri falið, í samstarfi við sveitarstjóra Langnesbyggðar, að ítreka óskir um aðkomu Bygðastofnunar að málefnum bygðarlagsins.

Að loknum umræðum var fulltrúum sveitarstjórnar og íbúa á Bakkafirði þakkað fyrir gagnlegar umræður.

#### **4. Samningur við Eyþing v/ uppbyggingarsjóðs**

Fyrir liggur samningur við Eyþing vegna aðkomu félagsins að starfsemi uppbyggingarsjóðs landshlutans. Verkefnið felst í umsjón með umsóknarferli, yfirferð umsókna, samningsgerð við strykþega og eftirfylgni verkefna. Árleg greiðsla er 1 mkr. sem endurskoða skal árlega en gildistími samningsins er út árið 2019.

Stjórnin staðfestir samninginn eins og hann liggur fyrir.

#### **5. Önnur mál**

Ekkert var bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45